

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Oddvitapistill
- Kvenfélagsfréttir

Næsti Pési kemur út .13. febr 2014

Athugið!!

Efni í Þéssann-verður að berast í allra síðasta lagi 10.febr.

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Land-græðslufélagið	4
Smárafréttir	8
Áramótapistill	10
Hrunaspjall	13
Kvenfélagið	14
Hrossaræktarfélagið	19

Janúar 2014
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 278. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN



Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>


Sveitarstjórapistill.

Árið 2014 er runnið upp með sínum nýju árskorunum og fyrirheitum. Það er árlegt verkefni í tilefni áramóta að gera upp gamla árið og skipleggja það nýja. Hjá okkur á skrifstofunni er það alltaf spennandi að sjá hvort árið 2013 hafi gengið upp í samræmi við áætlanir og er það lauslegt mat mitt að svo sé en kemur þó ekki endanlega í ljós fyrr en ársreikningur liggur fyrir. Það skiptir nefnilega miklu máli að geta skilað bærilugu búi til að framkvæmdir og fyrirætlanir á árinu 2014 geti gengið eftir.

Tíðin hefur verið brösótt og þó kannski snjórinn sé ekki að kæfa okkur þá skapar hálfkan ekki síðri vandamál, mætti segja að hún sé varahugaverðari í alla staði heldur en góður snjóskafl. Þetta veldur m.a. því að vandasamt getur verið að sinna sorphjónustu fyrir íbúa og hvet ég fólk til að moka frá sorphlátum og eftir atvikum að reyna að koma í veg fyrir hálfku til að auðvelda sorphirðu. Í verstu tilfellum er nefnilega ekki hægt að komast að sorphlátum vegna hálfku. Þetta er þeim mikilvægara þar sem nú eiga allar íbúðir í Hrunamannahreppi að vera komnar bæði með grátunnu og blátunnu. Í þessu sambandi vil vekja athygli á sorphirðudagatali vegna grátunnu og blátunnu sem er bæði aðgengileg í Pésanum og á heimasíðu sveitafélagsins fludir.is.

Það var gaman að geta gengið frá samkomulagi um skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs núna fyrir jólin þannig að sú starfssemi sem Skólaskrifstofa Suðurlands sinnti biði ekki skipbrot núna um áramótin. Búið er að ráða 3 starfsmenn til skólaþjónustunnar og þar af eru tveir sem áður störfuðu hjá Skólaskrifstofunni þannig að mikil staðbundin þekking á að fylgja hinni nýju stofnun. Síðan er það sjálfstætt mál hvort samþætting sérfræðiþjónustu við skóla og félagsþjónustunnar sé ekki ákveðið tækifæri.

Annað nýmæli sem ég vil vekja athygli á er að um ármótin er tekið upp tekjutengt gjald vegna þeirra sem njóta heimaþjónustu á vegum félagsþjónustunnar eins og er í flestum sveitarfélögum. Það á að hafa verið kynnt þjónustupegum og á að vera hóflegt því eins og áður segir tekjutengt þannig að þeir sem lægstar hafa tekjurnar greiði ekki neitt fyrir þjónustuna.



Annað mál sem þarf að fara að huga að er endurnýjun á aðalskipulagi fyrir Hrunamannahrepp. Það gamla rennur út árið 2015 og það tekur drjúgan tíma að vinna slíka vinnu. Sveitarstjórn er búin að samþykkja að fara í verkið og nú þarf að fara að skipuleggja það. Skipulagsmál skipta mjög miklu máli, hvort sem um er að ræða deiliskipulagshugmyndir eins og verið er að vinna að á Flúðum en slík vinna byggir þó alltaf á grunnplagginu sem er aðalskipulagið. Í þessu sambandi vil ég hvetja alla íbúa Hrunamannahrepps til að mæta á íbúafund sem haldinn verður um deiliskipulagsmál á Flúðum mánudaginn 27. janúar n.k. Þessi mál koma öllum við.

Árið 2013 og jólin voru kvödd með brennu og glæsilegri flugeldasýningu hjá Björgunarfélaginu Eyvindi þannig að sómi var að. Það er gott nýmæli að „þrettándinn“ sé alltaf um helgi. Að lokum vil ég hvetja fólk til að segja myrkrinu stríð á hendur og láta ljós loga út janúarmánuð. Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
OPIÐ VIRKA DAGA 9-18
LAUGARDAGA 11-14

Hjónaball – Hjónaball – Hjónaball- Hjónaball

**Híð árlega hjónaball verður haldið laugardaginn 1.
mars 2014. Takið daginn frá. Nefndin.**



Merki Landgræðslufélags Hrunamanna.

Stjórn Landgræðslufélagsins langar að félagið eignist eigið merki sem hægt er að nota sem haus á bréf og á skilti sem til stendur að setja upp í afréttinum.

Þar sem dýrt er að fá sérstakan

hönnuð til að hanna merki þá langar okkur að leita til samfélagsins og vita hvort þið hafið ekki góða hugmynd að merki.

Ef þið hafið góða teiknaða hugmynd megið þið gjarnan senda okkur tölvupóst með hugmyndinni eða koma henni til okkar.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir í félagið og hvetjum við alla sem áhuga hafa að skrá sig í félagið hjá stjórninni.

Stjórnin:

Esther Sólheimum estherg@centrum.is

Sigurður H. Högnastöðum sigurdurh@vortex.is

Jóhanna B. Hrafnkelstöðum jbi@mi.is

Samúel U. Bryðjuholti brydja@simnet.is



Eiríkur Grafarbakka sími 8928876

JÓGA Í BRAGGANUM

Kæru vinir það er laust hjá mér í jóga í Bragganum þriðjudaga og fimtudaga kl 17.15-18.15 og 18.30-19.30
Allir velkomnir, Konur og Karlar, á meðan pláss er.
Upplýsingar og skráning í síma 775-1662
Megið þig njóta stundarinnar.

Lára jógakennari



***Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00***



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki á vegum
Menningarráðs Suðurlands**

Viðtalstími Menningarfulltrúa Suðurlands í
Hrunamannahreppi verður miðvikudaginn
22.janúar á skrifstofu Hrunamannahrepps
milli kl. 10.00 og 12.00



***Tamningar og
þjálfun***

Tek að mér tamningar og þjálfun
hrossa í vetur,
er með aðstöðu í Unnarholtskoti

Guðjón Örn Sigurðsson
sími: 865 6714
netfang:skollagrof@skollagrof.is

Opið hús FEH

Opið hús hjá Félagi eldri Hrunamanna verður í
Félagsheimilinu

miðvikudaginn 22. janúar kl.14:00.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Okkar bestu kveðjur,
stjórnin

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppá að bjóða fjölbreytt úrval af: stein- og bætiefnum, kúafóðri, kálfafóðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnskörum, milligerðum, átgrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimili, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, o.fl

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2014

Janúartilboð á Josera Supramil kálfamjólkurdufti



Þú kaupir 10 poka af Supramil kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frian



*Verð miðast við 140 gr í líter af vatni = 125 gr. l/mjólk og er án vsk

**Verð pr/líter
af kálfamjólk
kr. 39,-*
án vsk.**

Saltsteinn Natur 10 kg.



Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Saltsteinn Plus 10 kg.



Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnablokk- Uniblock 10 kg.



Steinefna- og bætiefna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Steinefnafata Phosphoreimer 20 kg.



Vítamínblokk Vitablock 10 kg.



Vítamínblokk sem inniheldur flest þau vítamín og snefilefni sem búfe þarf til að fóðrast vel. Hentar ekki sauðfé.

Steinefna- og bætiefna fata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



SU1000120
Vatnsd. grænn -
gæðaplast



SU1000066
Vatnsd. svartur
plasthúðað stál



SU1001210
Vatnsd. Grænn,
Stór/plast



SU1001200
Vatnsd. stór
Ryðfrír



SU1600104
Drykkjarkar 400L



SU1600102
Drykkjarkar 80 L



SU1000130
Vatnsd.
Grænn
m/floth.



SU1000033
Vatnsd. Svartur
m/flotholti.



SU1000041
Vatnsd. grænn
m/tungu og hita



SU1310513
Flotholt í húsi
f/drykkjarkör



SU1000545
Vatnsd. m/dælu
fyrir beitarhólf



Vatnskar veltanlegt
m/gólf-eða veggfest.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

2013-2014

September

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Október

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Nóvember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Grátunna

Desember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Janúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Febrúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	

Mars

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Apríl

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Mái

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Sorphirðudagar með fyrirvara vegna veðurs og annarra ástæðna



Smárafréttir

JANÚAR 2014



Aðalfundur Smára Félagsheimilinu á Flúðum **20 janúar 2014 kl. 20.30**

Dagskrá fundarins :

1. Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðasta ár til úrskurðar.
2. Stjórn leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfssemi félagsins á liðnu ári.
3. Kosning stjórnar og varastjórnar.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
5. Önnur mál
Vonumst til að sjá sem flesta - Stjórnin

NÝJIR FÉLAGAR



Nú þegar vetrarstarfið er að fara í gang viljum við nýta tækifærið og bjóða alla þá sem hafa áhuga á að taka þátt í störfum félagsins velkomna. Rétt er að benda á þá vinnureglu stjórnar að nýjir félagar teljast ekki gjaldgengir á mótum eða öðrum viðburðum í nafni félagsins fyrr en að 30 dögum liðnum frá umsókn um inngöngu í félagið. Umsókn má senda á smari@smari.is eða með því að hafa samband við einhvern í stjórninni.



ÞAÐ SEM M.A. ER FRAMUNDAN :

20 JANÚAR AÐALFUNDUR

8 FEBRÚAR	ÚRTAKA FYRIR UPPSVEITAEILD
15 FEBRÚAR	1 VETRARMÓT
21 FEBRÚAR	FJÓRGANGUR UPPSVEITAEILD
8 MARS	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
15 MARS	2 VETRARMÓT
28 MARS	FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD
5 APRÍL	3 VETRARMÓT
16 APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA
19 APRÍL	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
25 APRÍL	TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD
1 MAÍ	FIRMAKEPPNI
4 MAÍ	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

Inn í þetta mun bætast smám saman tímasetningar á reiðnámskeiðum, fyrir börn og fullorðna sem og aðrir viðburðir sem ákveðnir verða svo fylgist vel með og hvetjum við alla til að skipuleggja sig tímalega og taka þátt í viðburðum hestamannafélagsins.

PÓSTLISTI—HEIMASÍÐUR

Ef þið hafið áhuga á að fá reglulegar fréttir og tilkynningar hvað er um að vera eða á döfinni í félagsstarfinu er upplagt að senda póst á smari@smari.is og netfangið ykkar verður sett á póstlista félagsins. Við hvetjum ykkur einnig til að senda okkur póst með ábendingum um heimasíður félagsmanna sem hægt væri að setja tengla á á heimasíðu Smára, alltaf gaman að fylgjast með mannlífinu og hvað er um að vera í sveitunum.

Fylgist með okkur á

facebook

Minum einnig á heimasíðuna www.smari.is

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi laugardaginn 24. janúar 2014

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímarpantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Áramótapistill Oddvita.


Árið 2013 var rekstur Hrunamannahrepps í góðu jafnvægi og mikið um framkvæmdir þó mest í viðhaldsmálum. Af framkvæmdum ársins er það helst að segja að Ásastígur var loksins malbikaður s.l. sumar og verða Hofatúnin tekin næsta sumar. Blátunna var tekin í notkun á árinu og gengur mjög vel að fá íbúa til að nýta þær og nánast allir flokka sorpið hjá sér. Heilmiklar lagfæringar hafa verið gerðar á gámasvæðinu og mun ýtarlegri flokkun á sér stað. Vel hefur gengið með seyruverkefnið og greinilegar landbætur farnar að sjást á afréttinum frá sumrinu 2012.

Mikil uppbygging hefur verið í skrudgarðinum á Flúðum. Malbikaðir stígar og lýsing sett í stuðlaberg meðfram þeim. Haldið var áfram við að endurnýja húsnæði Flúðaskóla, ásamt því að unnið hefur verið að viðhaldi annara eigna sveitarfélagsins og verður haldið áfram með það verkefni á þessu ári. Verið er að vinna að heildarskipulagi fyrir miðsvæði Flúða. Unnið er út frá niðurstöðum íbúakosninga í vor, þar sem kosið var að gera hringtorg. Í skipulaginu sem kynnt verður á íbúafundi í lok janúar er gert ráð fyrir fjölgun íbúða eldri borgara, nýjum göngu- og reiðleiðum í öllu Flúðahverfinu, ásamt því að lagt er til að íþróttasvæði verði byggt upp á svæðinu við íþróttahúsið með nýjum íþróttavelli og nýrri sundlaug. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir hafa komið upp eins og að skatepark gæti orðið á opna svæðinu syðst í Norðurbænum.

Réttirnar voru kláraðar á árinu og vígðar á réttardaginn, glæsilegt mannvirki þar. Ánægjulegt að sjá að enn er hægt að gera svona hluti að mestu leyti í sjálfboðavinnu. Límtrésverksmiðjan fagnaði 30 ára afmæli á árinu með glæsilegri veislu. Kom fyrirtækið meðal annars að hönnun á verslunar- og þjónustuhúsnæði sem hugmynd er að muni rísa á þjónustulóð við tjaldsvæðið.

Hlutafélag um dreifingu raforku var stofnað á árinu í samvinnu Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og garðyrkjubænda, með það að markmiði að lækka rafmagnskostnað ylræktarbænda á svæðinu.

Gerður var samningur við Suðurnesjadeild 4x4 um leigu á Leppistunguskála. Munu þeir nýta skálann yfir vetrarmánuðina og taka að sér uppbyggingu á honum. Gerður var samstarfssamningur við Ungmennafélag Hrunamanna um aðkomu sveitarfélagsins að íþróttastarfi félagsins. Einnig var endurnýjaður samstarfssamningur við Björgunarfélagið Eyvind.



Í mars var félagið Vinir Kerlingafjalla stofnað, er það hugsað sem félag sem hugar að velferð svæðisins. Styrkur fékkst til bætrrar aðgöngu að Gullfossi okkar megin og er byrjað að vinna í því.

Stefnt er að því að minnst 300 ára afmælis Fjalla-Eyvindar árið 2014.

Alltaf er vöxtur í samstarfi sveitarfélaga á svæðinu, en á árinu voru 30 ár síðan samstarf var hafið með stofnun byggingafulltrúaembættisins. Slökkvilið okkar sameinaðist Brunavörnum Árnæssýslu í upphafi árs. Uppsveitirnar ásamt Ásahreppi og Flóa hafa verið að skoða þann mögu-leika að ljósleiðaravæða sveitirnar í samstarfi við Milu. Og nú í árslok var komið á fót skólaþjónustu Árnepsings með þátttöku allra sveitarfélaga sýslunnar nema Árborgar. Málefni Kjalvegjar hafa verið mikið í umræð-unnni og höfum við átt fundi, bæði með ráðherrum, vegamálastjóra og fleirum, ásamt því að fara í vettfangsferð. Sameiginlega er verið að skoða hjúkrunarheimilismál innan sýslunnar og gerð hefur verið skýrsla um það, er þetta enn í vinnslu. Tæknisvið uppsveita hefur verið eft og nýtist það okkur mjög vel. Framlengdur var samningur um Matarsmiðjuna á Flúðum nú í árslok, en í ljósi reynslunnar væri eðlilegra að fá sveitarfélög af stærra svæði til að taka þátt í verkefninu.

Mikill fjölbreytileiki hefur verið í félagsstarfi í Hrunamannahreppi síðustu árin. Kemur það vel fram í nýtingu á þeirri aðstöðu sem við höfum hér í sveitinni, hvort sem um er að ræða íþróttahús, Reiðhöll eða Félagsheimili og er það ánægjulegt.

Fjármál sveitarinnar eru í mjög góðri stöðu, hefur skuldahlutfallið lækkað úr 117% niður í 87 % af tekjum á kjörtímabilinu.

Í desember samþykkti sveitarstjórn að fara í það verkefni að klára íþróttahúsið okkar og breytir það miklu í íþróttastarfinu. Sérstaklega fyrir börnin sem geta verið meira í samfellu við skólann í íþróttaiðkun sinni, því hægt verður að þjálfa fleiri en einn hóp í einu. Þetta er kostnaðarsamt verkefni og verður leitast við að finna styrktaraðila, bæði með því að selja auglýsingar inn í húsið og einnig getur fólk eða fyrirtæki keypt ákveðna hluti eða tæki til íþróttastarfs. Einnig er hugmyndin að fá einn stóran styrktaraðila sem fær nafn sitt á húsiðhöllin.

Senn líður að sveitarstjórnarkosningum og eftir 12 ára skemmtilegt starf tel ég að þetta sé rétti tíminn til að hætta í sveitarstjórn og mun því ekki gefa kost á mér í kosningunum í vor.

Að lokum óska ég íbúum og gestum Hrunamannahrepps alls góðs á árinu og þakka öll gömlu árin.

Ragnar Magnússon

S.S. fréttir.

Föstudaginn 13. des.sl. var árlegur deildarstjórafundur, Sláturfélags Suðurlands, haldinn í starfsstöð félagsins á Hvolsvelli. Hallfredur stjórnarformaður, Steinþór forstjóri og Guðmundur Svavarsson framleiðslustjóri fóru yfir það helsta í starfi og rekstri félagsins, á liðnu ári. Rekstrar afkoma 2013 er góð, veltuaukningin 9%. Allt innlegg staðgreitt með lausafé, og fjárfesting í nýjum byggingum á Selfossi og Þorlákshöfn. En samkeppnin er hörð á markaðnum, og eins gott að vera vel á verði, til að lenda ekki undir í þeim slag.

Ég læt þetta nægja að sinni, en minni sérstaklega á sameiginlegan deildafund, fyrir Skeiðadeild, Gnúpverjadeild og Hunamannadeild, sem haldinn verður í Félagsheimilinu á Flúðum, miðvikudagskvöldið 26. febrúar nk.kl 20.30. Steinþór forstjóri, fer yfir rekstrarsvið sl. árs og starf félagsins í heild. Þá koma sölumenn áburðar og kjarnföðurs, og jafnvel fleiri stjórnendur. Þetta verður auglýst nánar þegar nær dregur, en ég bið ykkur öll um, að muna eftir þessum fundi. Spyrja spurninga, fá svör og hafa með því bein og óbein áhrif á rekstur og tilveru þessa félags, en þess má geta að aðal hvatamaður að stofnun þess og fyrsti formaður stjórnar, var Hrunamaðurinn Ágúst Helgason í Birtingaholti.

Bestu nýjárósókir, með kærni þakklæti fyrir farsælt samstarf og viðskipti við Sláturfélag Suðurlands.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Íbúafundur

Fyrirhugað er að halda íbúðafund vegna deiliskipulagstillagna fyrir miðsvæði Flúða, Lambatanga og Smiðjustíg, mánudaginn 27.janúar í Félagsheimilinu á Flúðum kl. 20.00
Íbúar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn!

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is

Ferðir alls virka daga milli Reykjavíkar, Hveragerðis, Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss, Helis, Hvolsvallar og

DREIFIBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU



Nesfrakt
HÉDINSGÜTU 1-3 • Rvk.
Sími 533 2211

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Ólafsvallasóknum.

Nú árið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka. Þessar línur þekkir hvert mannsbarn, upphafsorðin í áramótasálmum sálmaskáldsins, prestsins, prófastsins og vígslubiskupsins á Stóra-Núpi, Valdimars Briem. Þessi sálmur er líkt og þjóðsöngurinn okkar, sem einnig er í grunninn sálmur, þjóðareign, hluti af okkar menningararfi, hluti af þeim fjölmörgu þáttum sem gerir okkur að þjóð. Sterkustu þættir í þeim vef er tungumálið og trúin. Á öllum öldum hefur verið til fólk sem tekið hefur trú sína mis hátíðlega og sömuleiðis hefur líka fyrirfundist fólk sem gerir mismikið úr gildi þess að tala hér sérstakt tungumál. Þetta er einfaldlega hluti hins svokallaða samfélagssáttmála sem skilgreinir íslenska þjóð. Um leið vitum við vel að margir kunna ekki íslensku og margir hafa aðra trú eða enga. Því skýtur það nokkuð skökku við þegar sjálfskipaðir mannréttindaspekingar rísa upp og vilja undanskilja hluta þessa sáttmála og það sem merkilegt er, margir gleypa málflutning þeirra gagnrýnislaust.

Þetta eru svona smá vangaveltur í upphafi nýs árs. Við vonum og biðjum þess að það verði okkur gott og gjöfult.

Barnastarf

Nú fer barnastarfið aftur af stað og verður eins og áður staðsett í Hrepphólum en það er sá kirkjustaður sem er næst því að vera miðsvæðis í prestakallinu og aðstaðan þar sömuleiðis góð. Nú hefur kirkjan eignast skjávarpa og þá opnast möguleikar á því að nota fjölbreyttara efni.

Helgihaldið framundan

Vegna færðar og veðurs var felld niður messa og barnastarf í Hrepphólum síðasta sunnudag, þann 12. jan., í stað þess verður planið svona.

19. janúar kl. 14:00 messa í Hrepphólakirkju, kór eldri borgara leiðir kórinn.

19. janúar kl. 16:00, Barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

26. janúar kl. 11:00 messa í Hrunakirkju, kór eldri borgara leiðir söng.

26. janúar kl. 14:00 messa í Stóra-Núpskirkju.

26. janúar kl. 16:00, Barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

2. febrúar kl. 16:00 barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

Með góðri kveðju og ósk um Guðs blessun. Eiríkur Jóhannsson.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

• Þorablót 2014

Frá þorablótsnefnd/fjáröflunarnefnd

Mínum á þorablótið sem haldið verður laugardaginn **1. febrúar nk.**

Sami háttur verður hafður á og undanfarin ár þar sem gestir taka með sér trog með þoramat og flutt verða mögnuð minni karla og kvenna. Þetta árið mun hin frábæra hljómsveit *Blek og byttur* stjórna söng og dansi framvefir nóttu.

Í ár hefur nefndin valið að hafa þemað *Fjalla – Eyvindur og Halla* en hér í sveit mun 300 ára afmælis Fjalla – Eyvindar verða minnst með ýmsum hætti árið 2014.

Þorablótið er tilvalið tækifæri fyrir heimamenn, brottflutta, nýflutta, löngu flutta og alla vini og kunningja að koma á frábæra skemmtun hér í sveitinni ☺.

Takið daginn frá !!! Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.



• Frá Freyjusjóði – styrktarsjóði Kvenfélags Hrunamannahrepps

Kvenfélagi Hrunamannahrepps er það mikið ánægjuefni að geta stutt við bakið á ungum konum sem hafa sýnt framfarir, hjálpsemi, fórnfýsi, uppbyggjandi starf fyrir samfélagið og/eða ágætan árangur á einhverju sviði. Með stofnun **Freyjusjóðs** er félaginu gert kleift að styðja ungar konur úr hreppnum og þannig hvetja þær áfram til dæða og góðra verka. Jafnframt vonumst við til að slík styrkveiting sé hvatning til allra ungra kvenna samfélagsins að stunda nám eða starf sem er áhugavert, gefandi og krefjandi.

Styrkveiting 2014 hefur farið fram og er það okkur heiður að tilkynna styrkþega þessa árs en það eru Aldís Þóra Harðardóttir frá Flúðum og Ingibjörg Skúladóttir frá Birtingaholti. Aldís Þóra er að ljúka námi í kiropraktor og Ingibjörg stundar nám í leiklist. Báðar gáfu þær góð rök fyrir umsóknum sínum sem féllu að stórum hluta að reglum sjóðsins. Þar sem engin umsókn barst sjóðnum árið 2013 og engin umsóknanna féll að reglum sjóðsins árið 2012 þá er það okkur mikið ánægjuefni að geta styrkt báða umsækjendur þetta árið.


Góð rök fyrir umsókn er forsenda styrkveitingar en þær forsendur felast fyrst og fremst í reglum sjóðsins og þarf umsókn að falla að mestu undir þær reglur. Sjá nánar á heimasíðu Hrunamannahrepps, www.fludir.is – mannlíf – félög – Kvenfélag Hrunamannahrepps – lög Freyjusjóðs.

Við óskum þessum ungu og duglegu Hrunakonum alls hins besta í framtíðinni og hlökkum til að fylgjast með þeirra störfum og skrefum í framtíðinni.

• Góðgerðarmál félagsins

Eins og alkunna er, er aðalmarkmið kvenfélaga út um allt land að styðja við samfélag sitt með styrkveitingum eða öðrum stuðningi. Hér f. neðan eru talin upp nokkur þeirra góðgerðarmála sem Kvenfélag Hrun. hefur komið að á síðustu misserum:

- stuðningur vegna veikinda – nokkur mál
- stuðningur vegna erfiðra félagslegra aðstæðna – nokkur mál
- stuðningur vegna afreks og stórmóts
- stuðningur við félagasamtök í sveitarfélaginu og víðar
- stuðningur við stofnanir í sveitarfélaginu og víðar
- stuðningur við heilbrigðisstofnanir í héraðinu
- erfidrykkjur



Gistiheimilið Flúðum—Grund

Ný símanúmer

565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is

- **Þakklæti**

Við kvenfélagskonur erum afar þakklátar konur eins og þið væntanlega öll vitið☺.

Við erum ávallt þakklátar fyrir stuðninginn, hvatninguna, kærleikann og trúnaðinn sem okkur er sýndur í hvívetna hér í þessu samfélagi.

Okkur langar þó alveg sérstaklega að senda kveðjur til nokkurra aðila nú í upphafi árs með kærnu þakklæti fyrir frábæra samvinnu og greiðasemi í alla staði á síðastliðnu ári.

Þessir aðilar eru:

Allar félagskonur sem tekið hafa þátt í starfi félagsins árið 2013

Land og synir sf, Laugalandi, Flúðum

Stefán Arngrímsson, húsvörður í Félagsheimili Hrunamanna

Skrifstofa Hrunamannahrepps – Lilja og Svanhildur

Jón póstur og bílstjóri m. meiru


María póstur

Íslandspóstur, Selfossi

Samkaup/Strax, Flúðum

HP- kókugerð, Selfossi

Guðnabakarí, Selfossi



Að lokum hvetjum við alla til að koma á þorablótið okkar!

Með bestu kveðjum inn í árið 2014.

Kvenfélag Hrunamannahrepps



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Flugeldasýning 2014

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 4. janúar sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Eftirtaldir aðilar buðu uppá flugeldasýninguna 2014.

Auðsholtsbúið, Arion banki, **Arnfríður Dalbæ**, Bryðjuholt, **Búnaðarfélag Hrunamanna**, Bökun ehf, **Flúðafiskur**, Flúðaleið, Flúðaraf, **Fossi ehf**, Fjallaraf, **Fögrusteinar**, Gistiheimlið Syðra-Langholti, **Góðir hálsar ehf**, **Gröfutækni ehf**, Hótel Flúðir, **Helga Bryðjuholti**, Hitaveita Flúða, **Hrunamannahreppur**, Hús og Stigar ehf, **Júlíus Sveinsson**, Íslenskt grænmeti ehf., **Kaffi Sel**, Kjöt frá Koti, **Landtak ehf**, Landstólpi, **Límtré Vírnet**, Ólafur Ómar, **Ragnar Birtingarholti**, Skálpi, **Skipholt 3**, Veitandi, **Vinnuvélar Úlfars Harðar**

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengiefninu á skotstað

Með von um gott og slysalaust ár
Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Vindur

Nudd & Heilsustofa Katrínar

Laugarvatni



***Heilsu-slökunarnudd/
NLP Dáleiðsla- Markþjálfun
Meðgöngunudd-Svæðameðferð***



***Verið velkomin
Katrín Erla
Heilsunuddari/NLP ráðgjafi
Tímar bókast eftir samkomulagi
Sími - 862-4809***

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,
þegar mót eru í gangi.


Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga 09:30-18:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga 11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana
Hölsuind frá landsnámi



Hrunamannahreppur

Útboð

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið

Hofatún 2014

Verkið felur í sér lokafrágang á götum og stígum í Suðurhofi, Miðhofi og Norðurhofi á Flúðum. Götur og stígar voru lagðar 2000 með malaryfirborði.

Útboðsgögn er hægt að fá rafrænt frá og með 17.janúar 2014 hjá Tæknisviði Uppsveita með því að senda tölvupóst á borkur@gogg.is eða útprentað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Hrunamannahrepps föstudaginn 14. febrúar 2014 kl 10:00.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Hrossaræktarfélag Hrunamanna

Árið 2013 var nokkuð viðburðaríkt hjá félaginu, farið var í vísindaferð á stór Hafnarfjarðarsvæðið, félagið fékk nýjan formann sem kosin var Rússneskri kosningu á aðalfundi.

Tveir hestar voru til afnota hjá félaginu s.l. sumar það voru þeir Jarl frá Árbæjarhjáleigu, sem stóð efstur allra stóðhesta í kynbóta dómum á árinu 2013, hjá honum voru 25 hryssur á fyrra gangmáli og 22 af þeim með staðfestu fyli. Svo var Fróði frá Staðartungu er vann A-flokk gæðinga á Landsmótinu 2012 á seinna gangmáli og voru hjá honum 18 hryssur og af þeim eru 14 með staðfestu fyli.

Fram undan hjá félaginu er að ganga frá stóðhesta-málum komandi sumars og verður það vonandi kynnt fljótlega. Reynt var bæði að fá Aðal frá Nýja-Bæ og Kolskegg frá Kjarnholtum en þeir voru báðir lofaðir annað en hver veit nema þeir verði á boðstólnum hjá okkur síðar. Stefnt er á aðal-fund í mars og ferð um svipað leyti.



Jarl frá Árbæjarhjáleigu í dómi s.l. vor

Búið er að fá Reiðhöllina fyrir Ræktunarsýningu sunnudaginn 6.apríl svo félagsmenn ættu að fara járna og hjálfa fyrir hana hið snarasta. Gott væri að þeir sem hyggjasta vera með á sýningunni létu heyra í sér sem fyrst annað hvort í síma 894 3059 eða í skollagrof@skollagrof.is. Það er að sjálfsögðu án allra skuldbindinga en gott er að vita hvort áhugi sé fyrir hendi. Bent skal á að sýna má hvað sem er allt frá einu tryppi ótömdu og upp í stórsýningar.

Minum að lokum á heimasíðuna hrosshrun.weebly.com en til stendur að fara að hressa hana við nú á næstunni.

Með ræktunar og útreiða kveðjum.

Stjórnin

Svipmyndir úr Flúðaskóla og leikskóla



Litlu jólin voru haldin í skólanum 20. desember og skemmtu allir sér vel .



Þau Damian, Eyþór og Guðrún voru vinningshafar í dýragetraun sem útikennsluhópurinn setti saman í desember.



Í Undralandi var haldið nátt-fatapartý og var mikið fjör.

